Alþingi
Erindi nr. Þ 141/260
komudagur 1.11.2012

SIÐMENNT
Félag siðrænna húmanista á Íslandi
Æsufelli 4, 2F
111 Reykjavík
www.sidmennt.is
sidmennt@sidmennt.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

1. nóvember 2012

Til allsherjar- og menntanefndar Alþingis

Umsögn Siðmenntar, félags siðrænna húmanista á Íslandi, um frumvarp til breytinga á lögum nr. 108/1999 þingskjal 132 – 132. mál.

Stjórn Siðmenntar, félags siðrænna húmanista, fagnar frumvarpinu sem mun jafna stöðu lífsskoðunarfélaga (trúarlegra sem veraldlegra) og þar með réttindi þess hluta landsmanna sem hafa aðra lífsskoðun en trúarlega. Siðmennt vill þó koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Almennt um frumvarpið – Jákvætt skref í átt að jafnræði lífsskoðunarfélaga
Allt frá stofnun Siðmenntar, árið 1990, hefur eitt af megin baráttumálum félagsins verið að vinna að jafnræði lífsskoðunarfélaga. Siðmennt telur að með breytingum á núverandi lögum náist markmið lagasetningarinnar, það er: „. . . að jafna stöðu lífsskoðunarfélaga á við skráð trúfélög og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum trúfélaga og lífsskoðunarfélaga og jafna þar með stöðu umræddra félaga á öllum sviðum samfélagsins.“ eins og segir í frumvarpinu.

Í greinagerð frumvarpsins er vitnað í grein Oddnýjar Mjallar Arnardóttur hdl. þar sem kemur fram að skortur er á vernd íslensku stjórnarskrárinnar á rétti trúlausra og þeirra sem aðhyllast önnur hugmyndakerfi en trúarleg. Hvatt er til þess, með vísan í ákall Sameinuðu þjóðanna, að veita og tryggja virka og jafna vernd þessara hópa. Rétt er að benda á að við þá breytingu sem lagt er til á lögum nr. 108/1999 er ekki verið að ganga á rétt annarra né sá réttur skertur.

Í frumvarpinu er orðið *lífsskoðunarfélag* notað í þröngri merkingu, þ.e. einungis þegar átt er við um lífsskoðunarfélag án trúar á æðri mátt. Það er hins vegar ekki rétta merking þess, því að hugtakið lífsskoðun (e. life stance) gerir ekki upp á milli trúarlegra eða veraldlegra skoðana. Hins vegar er skiljanlegt að hikað sé við að

taka upp þessa almennu merkingu þess því að þá myndi orðið „trúfélag“ falla niður á sumum stöðum. T.d. fyrirsögn 2. gr. laganna myndi þá heita „Skráning lífsskoðunarfélaga“ og það heiti innifæli bæði trúfélög og veraldlega lífsskoðunarfélög. Hugsanlegt er að sum trúfélög setji sig upp á móti slíkri breytingu og því nær þetta frumvarp vart lengra með þessa þróun hugtaka en nú er orðið.

Um 4. grein frumvarpsins – Lífsskoðunarfélag - skilgreining

Hér er fjallað um 2. mgr 3. gr lagana og viðbót við 1. mgr. Í umræðunni hefur komið fram spurningin hvað felist í orðinu lífsskoðunarfélag. Siðmennt ítrekar skoðun sína á að nauðsynlegt sé að skilgreiningin á lífsskoðunarfélagi komi fram eins og hún er í frumvarpinu. Skilyrðin sem sett eru nægja til að sýna fram á ábyrga starfsemi.

Siðmennt telur að ákvæði um skilyrði fyrir skráningu séu nægjanleg. Í ákvæðinu er skilgreining á lífsskoðunarfélögum auk þess sem nefnd á vegum Innanríkisráðuneytisins fer yfir allar umsóknir og síar út umsóknir sem falla utan skilgreiningar. Með því er kyrfilega séð til þess að ekki geti hvaða félag sem er fengið skráningu sem lífsskoðunarfélag.

Í Noregi, þar sem skráning lífsskoðunarfélaga hefur verið í gildi frá 1981, er orðið „livssynssamfund“ vel þekkt. Þann 29. maí síðastliðin samþykktu allir flokkar á Norska Stórþinginu tillögu að nýrri stjórnarskrá. Með samþykktinni skuldbinda þeir sig til að styðja nýju stjórnarskránna einnig eftir þingkosningar sem verða árið 2013.

Í 16. grein nýju stjórnarskrárinnar segir:

„Alle Indvaanere af Riget have fri Religionsøvelse. Den norske Kirke, en evangelisk-luthersk kirke, forbliver Norges Folkekirke og understøttes som saadan af Staten. Nærmere Bestemmelser om dens Ordning fastsættes ved Lov. Alle Tros- og Livssynssamfund skal understøttes paa lige Linje

En það gæti hljóðað svo í lauslegri þýðingu:

„Allir íbúar ríkisins hafa rétt á að iðka trú sína. Norska kirkjan er evangelísk-lútersk kirkja og verður Þjóðkirkja Noregs og nýtur sem slík stuðnings ríkisins. Nánari útlistun um skipulag hennar verður skilgreind með lögum. Öll trú- og lífsskoðunarfélög skulu njóta sama stuðnings.“

Þarna er orðið lífsskoðunarfélag á leið í norsku stjórnarskrána.

Um 9. greinina –Skráning barna

Lagt er til í frumvarpinu að gerð verði breytingar á 8. grein um skráningu barna í trúfélög sem hingað til hefur verið sjálfkrafa við fæðingu þess. Það er skoðun Siðmenntar að ríkið eigi ekki að sjá um skráningu barna í trúeða lífsskoðunarfélög.

Ef skrá á börn í trúar- og lífsskoðunarfélög á annað borð ætti sú skráning að vera í verkahring foreldra en ekki ríkis. Séu einstaklingar skráðir í slík félög áður en þeir ná sjálfræðisaldri ætti sú skráning að falla sjálfkrafa úr gildi við sjálfræðisaldur nema viðkomandi einstaklingur kjósi sérstaklega að tilheyra umræddu félagi áfram.

Siðmennt leggur til að farin verði sú leið sem Svíar hafa farið. Þar fæðist barn ekki inn í trú eða trúfélag eða lífsskoðunarfélag og að ríkið sér ekki um skráningu þess heldur. Félagið telur þó breytinguna eins og hún er orðuð bæta núverandi skráningu hvað jafnræði foreldra varðar.

Að lokum

Því er beint til stjórnvalda að huga að breytingum á þessum lögum innan tiltekins tíma til dæmis innan þriggja ára. Eins og bent er á í greinagerð með frumvarpinu voru í Noregi gerðar svipaðar breytingar en eftir ákveðin tíma voru lögin endurskoðuð og sérstök lög um veraldleg lífsskoðunarfélög samþykkt.

Samandregið

1. Markmið frumvarpsins er að jafna stöðu þeirra sem aðhyllast veraldlega lífsskoðun – því er um að ræða mannréttindamál. Ekki er verið að ganga á rétt annarra með þeirri breytingu.
2. Skilgreiningin á því hvað er lífsskoðunarfélag er mjög skýr í frumvarpinu. Það er því engin hætta á misnotkun á lögunum.
3. Að sjálfkrafa skráning ungabarna í trú- eða lífsskoðunarfélög verði ekki lengur viðhaft.

Stjórn Siðmenntar lýsir yfir vilja sínum til að mæta á fundi til þess að rökstyðja umsögn sína betur.

Virðingarfyllst
F.h. Siðmenntar

Bjarni Jónsson
Varaformaður Siðmenntar